

Samkeppnisréttaráætlun

Landspítala

18

Efnisyfirlit;

Efnisyfirlit;	3
1. Inngangur	5
2. Hugtök og skilgreiningar	6
3. Markmið	6
4. Umfang	7
5. Samskipti - láréttar samkeppnishömlur	8
5.1 Samskipti við samkeppnisaðila	8
5.2 Óheimilir samningar	8
5.2.1 Atriði sem varða verðlagningu, skilmála og upplýsingar	8
5.2.2 Atriði sem varða uppskiptingu markaða, framleiðslu, sniðgöngu og stöðlun	9
5.3 Atvinnugreina- eða hagsmunasamtök	9
5.3.1 Fundir, fundargerðir og skipti á upplýsingum	10
6. Samskipti - lóðréttar samkeppnishömlur	11
6.1. Hvað eru lóðréttir samningar	11
6.2 Ýmis fyrirmæli Landspítala	11
6.2.1 Reglur fjármálaráðuneytisins fyrir starfsmenn sem annast opinber innkaup,	12
6.2.2. Reglur um kynningar á tækjum, lyfjum, rekstravörum og þjónustu,	12
6.2.3. Reglur um lyfjakynningar á Landspítala	12
7. Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	13
8. Tilkynningar um brot	14
9. Agaviðurlög - refsingar	14
10. Gildistími	14

Samkeppnisréttaráætlun - LSH

1. Inngangur

Landspítali er sjúkrahús allra landsmanna ásamt því að vera háskólasjúkrahús. Hann er einn stærsti kaupandi landsins á almennum og sérhæfðum lækningavörum ásamt sérhæfðum vandmeðförnum og dýrum lyfjum. Þá eru umsvif spítalans á almennum markaði einnig mikil. Heildarinnkaup spítalans nema um 20.000 milljónum króna á hverju ári. Áhrif spítalans á afkomu einstakra fyrirtækja, hvort heldur milliliða eða framleiðenda, eru því umtalsverð. Stjórn Landspítala leggur því töluverða áherslu á að í starfsemi hans sé hugað að öllum þáttum sem máli skipta hvort heldur þeir varða gæði þjónustu, öryggi sjúklinga eða samstarf við utanaðkomandi aðila.

Sem ríkisstofnun ber Landspítala að fara eftir reglum laga um opinber innkaup í öllum viðskiptum sínum. Skiptir þá ekki máli hvort innkaup fara fram í kjölfar útboða eða verðfyrirspurna. Auk þess að setja leikreglur um innkaup opinberra stofnana, er markmið laganna að efla nýsköpun og þróun við innkaup, að tryggja jafnræði fyrirtækja og stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni. Því er jafnframt nauðsynlegt við framkvæmd innkaupa að horfa einnig til reglna um samkeppni, ekki eingöngu varðandi hegðun starfsmanna Landspítalans í samskiptum sínum við birgja og aðra viðskiptamenn, heldur ekki síður að starfsmenn Landspítala gæti að því að bjóðendur og aðrir þeir sem spítalinn á í samskiptum við fylgi reglum um opinber innkaup ekki síður en reglum um samkeppni.

Umhyggja, öryggi, framþróun og fagmennska eru grundvallarþættir í allri starfsemi Landspítala og það á ekki síður við um samskipti við viðsemjendur spítalans. Með samkeppnisréttaráætlun þessari er stefnt að því, að veita leiðbeiningar um áhættur í samkeppni og hvað má og hvað má ekki í samskiptum við viðsemjendur spítalans. Spítalinn gerir þá kröfu til allra starfsmanna, að þeir þekki þær reglur sem um störf þeirra gilda og fari í einu og öllu eftir þeim reglum.

Hegðun sem felur í sér brot á grundvallarreglum um samkeppni verður ekki liðin.

2. Hugtök og skilgreiningar

Samkeppnisréttaráætlun; Skjal þetta og varðar þær reglur sem starfsmönnum ber að fylgja í samskiptum sínum við viðsemjendur.

Atvinnugreina samtök - hagsmunasamtök (e: Trade Association); Hvers konar samtök, félag eða samstarf atvinnurekenda, fagaðila eða sérfræðinga (að stéttarfélagum undanskildum) hvort heldur félagsbundið eða ekki.

And-samkeppnisleg hegðun; Sérhver athöfn sem raskar eða er ætlað að raska samkeppni, svo sem samráð um verð eða skilmála, afhending á viðkvæmum viðskiptaupplýsingum, að skipta upp viðskiptavinum eða markaðssvæðum, samdráttur í veltu eða framleiðslumagni, sniðganga, reglur eða aðrar takmarkanir á leyfilegu endursöluverði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Láréttir samningar; Samningar, samkomulög eða samstilltar aðgerðir milli aðila eða fyrirtækja á sama sviði í aðfangakeðju vöru.

Lóðréttir samningar; Samningar milli aðila á sitt hvoru sviði í aðfangakeðju s.s. milli framleiðanda og dreifingaraðila, eða heildsala og smásala.

3. Markmið

Með samkeppnislögum er stefnt að því að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með stuðla að hagkvæmri nýtingu framleiðslupáttu þjóðfélagsins. Virk samkeppni stuðlar að lægra verði, auknum gæðum, betri þjónustu, nýsköpun vöru og þjónustu og betur reknum og samkeppnishæfari fyrirtækjum.

Markmiðið með þessari samkeppnisréttaráætlun er að veita öllu starfsfólki Landspítala leiðsögn um helstu efnisatriði samkeppnisreglna og leiðbeiningar um hvernig ber að fylgja þeim reglum eftir. Nauðsynlegt er að starfsfólk Landspítala tileinki sér þessar grundvallarreglur samkeppnisréttarins og þekki þá samninga og þær athafnir sem geta falið í sér brot. Því er í samkeppnisréttaráætlun þessari að finna upplýsingar um athafnir sem telja verður óæskilegar út frá samkeppnisrétti og kunna að leiða til aðgerða af hálfu samkeppnisyfivalda.

Útilokað er að samkeppnisréttaráætlun geti tekið til sérhvers tilviks sem starfsmenn kunna að upplifa í störfum sínum. Það á því ekki að líta á áætlun þessa sem gátlista, heldur sem leiðbeiningar og ábendingar um hvernig leggja eigi mat á þær aðstæður sem upp kunna að koma og stjórnendur eða starfsmenn Landspítala kunna að vera viðriðnir.

Samkvæmt samkeppnisrétti skiptir ekki máli hvort brot er framið af ásetningi eða gáleysi. Því skiptir það engu máli hvort starfsmaður veit að hegðun hans er brot á samkeppnislögum eða ekki. Ef starfsmaður er í vafa eða ef spurningar vakna um það hvernig honum beri að hegða sér í einstaka tilvikum er áriðandi að hann ráðfæri sig við næsta yfirmann, "Regluvörð" eða lögfræðideild Landspítala og fái leiðbeiningar.

4. Umfang

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar öllum þeim sem koma með einhverjum hætti að starfsemi spítalans og hafa eða geta haft áhrif á innkaup eða önnur samskipti við viðsemjendur. Á það jafnt við um starfsfólk Innkaupadeildar, Heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar, Rekstrarsviðs, sem og lækna, hjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk sem í störfum sínum hefur bein eða óbein samskipti við viðsemjendur spítalans.

Í samkeppnisrétti er út frá því gengið að tilteknar athafnir séu skaðlegar fyrir samkeppni og leiða nánast undantekningarlaust til refsinga. Mörk leyfilegrar samkeppni þurfa því að vera öllum kunn og hluti af almennum vinnubrögðum á öllum sviðum.

Í samkeppnislögum er lagt bann við hvers konar samningum, samkomulögum eða öðrum samstilltum athöfnum sem annað hvort er ætlað að raska samkeppni, eða eru til þess fallnar að raska samkeppni.

Í því sambandi skiptir engu máli hvort þessar athafnir hafi í raun leitt til röskunar eða ekki.

Í áætlun þessari verður því leitast við að veita leiðbeiningar um:

- samskipti Landspítala og samkeppnisaðila (ef til eru)
- samskipti Landspítala við birgja, dreifingaraðila og viðskiptavini
- samstarf Landspítala við aðrar stofnanir
- hvað telst markaðsráðandi staða

Vegna stöðu Landspítala sem hluti af hinu opinbera heilbrigðiskerfi falla ýmsir samningar og aðgerðir, sem eiga sér stað á milli hans og annarra stofnana í eigu ríkisins, utan við skilgreiningar samkeppnislaga. Samningar við Sjúkratryggingar Íslands, aðrar heilbrigðisstofnanir eða rannsóknarstofur í eigu hins opinbera eru dæmi um slíka samninga.

5. Samskipti - láréttar samkeppnishömlur.

Landspítali mun ekki líða athafnir sem fela í sér brot á samkeppnisreglum. Það er því nauðsynlegt að starfsfólk Landspítala þekki helstu efnisreglur samkeppnislaga og haldi vöku sinni í öllum samskiptum sínum við birgja, samkeppnisaðila og aðildarsamtök þeirra. Þá er einnig nauðsynlegt að gæta sérstakrar varkárni þegar upplýsingum er miðlað á milli aðila. Verður nánar fjallað um þessi atriði hér á eftir.

5.1 Samskipti við samkeppnisaðila

Eitt af grundvallaratriðum samkeppnisréttarins er að markaðir eru virkastir þegar fyrirtæki á viðkomandi markaði taka viðskiptalegar ákvarðanir á eigin forsendum og án samráðs við keppinauta. Þess vegna leggja samkeppnisreglur bann við hvers konar *samningum eða samstilltum aðgerðum þeirra í milli*, sem raskað geta samkeppni á markaði eða er ætlað að raska samkeppni, jafnvel þó að slík röskun hafi í raun ekki átt sér stað.

Þær athafnir sem hér um ræðir geta verið mjög mismunandi og af ýmsum toga. Skriflegir samningar falla þar ótvírætt undir, en einnig getur samkomulag af hvaða tagi sem er, s.s. "munnlegir" samningar, "heiðursmanna" samkomulag, "handaband", svo og "ætlað" eða "þegjandi" samkomulag, fallið hér undir. Þá falla *samstilltar aðgerðir* hér undir en með samstilltum aðgerðum er átt við þegar eitt eða fleiri fyrirtæki haga sér eins og annað fyrirtæki án þess að um beint samráð hafi verið að ræða.

Samkeppnisyfirvöld eru yfirleitt meira á verði þegar um er að ræða samninga milli keppinauta, sem einnig eru kallaðir láréttir samningar, þar sem slíkir samningar hafa að öllu jöfnu mun meiri áhrif á viðkomandi markað.

5.2 Óheimilir samningar

Samningar milli samkeppnisaðila geta verið bannaðir af ýmsum ástæðum og getur efni þeirra m.a. varðað

- verð eða verðlagningu vöru, skilmála í viðskiptum milli aðila eða miðlun á upplýsingum, eða

- skiptingu markaða á milli fyrirtækja, að draga úr framleiðslu eða veltu þeirra, sniðgöngu eða samhæfingu / stöðlun

eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

5.2.1 Atriði sem varða verðlagningu, skilmála og upplýsingar

Verðsamráð er það kallað þegar samkeppnisaðilar samræma, með beinum eða óbeinum hætti, það verð eða verðbil sem vara eða þjónusta skuli seld þriðja aðila. Samningur eða hvers konar samkomulag sem hefur hvort heldur bein eða óbein áhrif á verðmyndun, eða einstaka þætti hennar t.d. gegnum afslætti, endurgreiðslur, verðmyndun, kostnað eða greiðsluskilmála er ólöglegur.

Tilboðs samráð (e; bid rigging) á sér stað þegar samkeppnisaðilar samræma tilboð sín hvort heldur varðandi verð eða aðra skilmála í viðskiptum án þess að gera þeim sem býður út kaup á vöru eða þjónustu aðvart fyrirfram. Einnig getur samkomulag milli aðila snúist um að bjóða ekki í tilteknu útboði, þ.e. að aðeins annar af tveim eða einn af fleiri leggi fram tilboð. Slíkt samkomulag eða samningur er almennt séð ólöglegt.

Miðlun upplýsinga; Miðlun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga milli samkeppnisaðila er að öllu jöfnu ólögleg, þar sem slík miðlun upplýsinga er til þess fallin að draga úr og hafa óeðlileg áhrif á sjálfstæða ákvörðun einstakra fyrirtækja á viðskiptastefnu þeirra. Upplýsingar um solumagn, verð og framlegð, verðmyndun, afslætti, afkomuspár, verðsveiflur og önnur atriði sem varða viðskiptaumhverfi samkeppnisaðila svo og upplýsingar um viðskiptavini eða birgja eru dæmi um slíkar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

5.2.2 Atriði sem varða uppskiptingu markaða, framleiðslu, sniðgöngu og stöðlun

Uppskipting markaða: Úthlutun viðskiptasvæða eða uppskipting viðskiptavina á milli samkeppnisaðila er bönnuð. Allir samningar milli samkeppnisaðila sem fela í sér að forðast að keppa um viðskipti við tiltekna viðskiptavini eða stunda ekki viðskipti á tilteknum svæðum eru ólöglegir.

Stjórnun framleiðslu: Samningar milli samkeppnisaðila sem miða að því að draga úr afköstum eða framleiðslu eru ólöglegir. Keppinautum á markaði er með öllu óheimilt að semja um að stöðva eða draga úr framleiðslu eða afköstum.

Sniðganga viðskipta: Samstaða um sniðgöngu, það er samstillt átak tveggja eða fleiri keppinauta um annaðhvort að kaupa ekki frá eða selja ekki til tiltekins aðila er almennt óheimilt.

Stöðlun framleiðslu: Almennt er slíkt heimilt, undir þeim kringumstæðum að aðilar vinna með löglegum hætti að því að ná fram samræmi í tiltekinni framleiðslu eða tæknilausnum og slíkt er unnið í samvinnu við til þess bærar stofnanir hvort heldur reknar af einkaaðilum eða hinu opinbera. Slíkt samstarf má hins vegar aldrei ganga svo langt að það hindri einstaka framleiðendur í að koma á eigin vegum fram með aðrar lausnir eða vörur. Þá má slíkt samstarf hvorki með beinum eða óbeinum hætti hindra aðgang annarra, sem ekki taka þátt í slíkri stöðlun, að viðkomandi markaði.

5.3 Atvinnugreina- eða hagsmunasamtök

Atvinnugreinasamtök og önnur hagsmunasamtök, hvort sem þau starfa með formlegum eða óformlegum hætti, eru samtök einstaklinga eða fyrirtækja sem starfa á sama eða svipuðum markaði og hafa það að markmiði að gæta hagsmuna félagsmanna sinna sem einnar heildar. Það er því nauðsynlegt að gæta allrar varkárni við þátttöku í slíkum samtökum. Slík samtök geta verið árangursrík í að afla og miðla viðeigandi upplýsingum, að koma fram fyrir hönd viðkomandi greinar gagnvart almenningi, yfirvöldum eða öðrum stofnunum. Það er því fullkomlega löglegt að taka þátt í þannig samtökum. Engu að síður ber þeim að starfa innan þeirra marka sem lög og reglur samkeppnisréttarins setja þeim. Með öllu er óheimilt að nota slík samtök sem vettvang samráðs, svo sem um ólöglegt verðsamráð, uppskiptingu markaða eða viðskiptavina eða þess háttar. Skiptir

engu þó slík samtök lýsi því opinberlega yfir að þau starfi innan reglna samkeppnisréttarins enda er slík yfirlýsing eingin trygging fyrir að sú sé raunin.

5.3.1 Fundir, fundargerðir og skipti á upplýsingum

Það er grundvallaratriði að ræða **ekki** viðkvæmar viðskiptaupplýsingar við samkeppnisaðila. Þess vegna leggur Landspítali áherslu á að í þeim tilfellum þar sem starfsfólk hans þarf að taka þátt í samstarfi við samkeppnisaðila, hvort heldur með þátttöku í atvinnugreinasamtökum eða á annan hátt, verði slíkt eingöngu gert að fyrirfram fenginni sundurliðaðri dagskrá um þau mál sem ræða á. Með því gefst tækifæri til að ræða einstaka liði við næsta yfirmann eða "Regluvörð" fyrirfram. Einnig ber að tryggja að fundargerð sé skrifuð á fundinum, en slíkt tryggir sönnun fyrir því að fundurinn og það sem á fundinum hafi verið rætt sé innan löglegra marka og að fundurinn hafi ekki verið notaður sem vettvangur ólöglegs samráðs. Komi viðkvæmar viðskiptaupplýsingar engu að síður til umræðu, er nauðsynlegt að starfsmaður láti bóka andmæli við því. Starfsmönnum ber jafnframt að krefjast þess að allri umræðu um málefnið verði tafarlaust hætt og yfirgefa fundinn verði ekki orðið við þeirri beiðni. Ber starfsmanni að tilkynna þessa ákvörðun sína og sjá til þess að hennar sé getið í fundargerð fundarins. Starfsmanni ber að ganga úr skugga um að hann fái afrit af fundargerðinni og að hann geri "Regluverði" þegar í stað grein fyrir málinu.

Að afloknum sérhverjum fundi þar sem samkeppnisaðilar voru viðstaddir ber starfsmanni tafarlaust að yfirfara fundargerð og gera skriflegar athugasemdir við þau atriði sem hann telur röng eða gefi ekki rétta mynd. Gangu þarf úr skugga um að athugasemdirnar séu teknar til greina, en verði slíkt ekki gert skal starfsmaður sjá til þess að mótmæli hans séu bókuð í fundargerð.

Sú skylda að ræða ekki viðskiptalega viðkvæmar upplýsingar hvílir einnig á starfsmönnum eigi þeir í óformlegum samskiptum við samkeppnisaðila s.s. á fagsýningum, í veislum, matarboðum, við íþróttaiðkun eins og fótbolta eða golf ofl.

Þrátt fyrir þetta, er heimilt að ræða og miðla tilteknum upplýsingum sem varða almenna tækni, öryggi og heilsu, umhverfismál, tæknilega staðla, hættur í flutningum, gæðaeftirlit, laga- og reglugerðardrög o.s.frv. Einnig má ræða almenna markaðspróun eða markaðs horfur. Sameiginlega ógn á samkeppni er heimilt að ræða en þó verður að gæta að því að það sé ekki rætt í þeim mæli að ákvarðanir einstakra fyrirtækja séu látnar í ljós, sem lagt geti grundvöll að þegjandi samkomulagi eða samstilltum aðgerðum samkeppnisaðila.

Öll samskipti, hvort heldur á vettvangi atvinnugreinafélaga, á óformlegum fundum eða undir öðrum kringumstæðum, þar sem samkeppnisaðilar skiptast á upplýsingum bjóða heim hættunni á broti gegn samkeppnisreglum. Því er nauðsynlegt að næsti yfirmaður eða "Regluvörður" sé upplýstur um þátttöku starfsmanna í hverskonar samtökum eða félögum sem þeir telja að skipt geti máli í þessu sambandi. Einnig að upplýsa sömu aðila um allar fyrirætlanir um að gerast félagsmaður í slíkum félagsskap.

6. Samskipti - lóðréttar samkeppnishömlur.

6.1. Hvað eru lóðréttir samningar

Eins og fram hefur komið er yfirleitt talin mest hættu á samkeppnislagabrotum í samningum sem gerðir eru milli samkeppnisaðila sem starfa á sama markaði, eða láréttum samningum eins og rakið er í kafla 5 hér að framan. Mun algengara er að gerðir séu samningar milli aðila sem ekki eru á sama sviði í aðfangakeðjunni og er oftast vísað til slíkra samninga sem *lóðrétttra samninga*. Við gerð slíkra samninga geta engu að síður komið upp atriði sem fela í sér brot gegn reglum samkeppnisréttarins. Nauðsynlegt er að starfsfólk Landspítala þekki þær aðstæður sem upp geta komið.

Fyrirmæli um endursöluverð: Öll ákvæði eða samningar sem fela í sér fyrirmæli um endursöluverð eru bannaðir. Í þessu felst að birgir má ekki skylda viðsemjanda sinn, hvort sem það er heilðsali, dreifingaraðili eða smásali til að halda sig við tiltekið (lágmarks) endursöluverð. Viðsemjendur eiga að vera frjálsir að því að ákveða sjálfir endursöluverð þeirra vara sem þeir versla með. Á sama hátt eru allar athafnir birgja sem miða að sama markmiði, þ.e. að viðhalda ákveðnu endursöluverði bannaðar. Sem dæmi má nefna töf á afgreiðslu eða niðurfelling pantana, uppsögn samninga o.fl. Þá er heldur ekki heimilt að verðlauna endurseljendur með tilvísun til þess hversu vel þeir hafa haldið sig við ráðlagt endursöluverð.

Takmörkun á markaði: Ákvæði eða fyrirmæli sem takmarka rétt endurseljenda til að selja til ákveðinna eða tiltekinna kaupenda eða á tilteknu svæði teljast einnig óæskileg. Almennt geta birgjar hvorki komið í veg fyrir að viðsemjendur þeirra selji vöru áfram til þeirra kaupenda sem þeir kjósa né á annan hátt takmarkað með hvaða hætti vara er notuð. Því síður getur birgir komið í veg fyrir að viðskiptavinur selji framleiðslu hans til eða flytji hana inn frá öðrum löndum á hinu Evrópska efnahagssvæði.

6.2 Ýmis fyrirmæli Landspítala

Í þessu sambandi er vert að geta þess að um samskipti starfsmanna Landspítala við birgja gilda fleiri reglur en bara reglur samkeppnislaga. Landspítali annast bæði í eigin nafni og fyrir hönd annarra heilbrigðisstofnana innkaup á lyfjum svo og heilbrigðis- og lækningavörum. Þá annast Landspítali fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands útboð á ákveðnum flokkum lyfja. Reglur laga um opinber innkaup skipta því ekki síður máli. Samkvæmt þeim lögum ber kaupendum að gæta jafnræðis og gangsæis við opinber innkaup og óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grunvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti.

Í gegnum árin hefur Landspítali sett ýmsar reglur sem starfsmönnum ber að fylgja í samskiptum við utanaðkomandi aðila. Þó að reglur þessar séu meira í ætt við siðareglur en samkeppnisreglur þá varða þær leiðbeiningar til starfsmanna um hvað má og hvað má ekki í tilteknum samskiptum. Brot gegn þessum reglum geta því haft á sér yfirbragð samkeppnisréttarbrotu og því nauðsynlegt að þekkja þær og virða.

6.2.1 Reglur fjármálaráðuneytisins fyrir starfsmenn sem annast opinber innkaup,

Í reglum þessum er farið yfir helstu þætti í samskiptum opinberra aðila við seljendur vöru eða þjónustu. Er áhersla lögð á að gæta að meðferð trúnaðarupplýsinga og annarra upplýsinga sem geta e.t.v. gefið einstaka seljendum óeðlilegt forskot. Þá er starfsmönnum óheimilt að taka á móti gjöfum eða sérstökum ívilnunum sér eða öðrum til handa í þeim tilgangi að greiða fyrir gerð kaupsamninga eða annarra viðskiptasamninga. Í undantekningartilvikum eru þó minni háttar gjafir heimilar, en upplýsa ber yfirmann um allar slíkar gjafir.

6.2.2. Reglur um kynningar á tækjum, lyfjum, rekstravörum og þjónustu,

Helstu atriði þessara reglna, sem settar voru á árinu 2004, varða það hvernig standa eigi að kynningum innan og utan spítalans. Slíkar kynningar skulu vera hlutlægar, málefnalegar og nákvæmar og haldnar skv. fyrirfram gerðri og samþykktri dagskrá. Bannað er að halda slíkar kynningar í húsnæði sem ætlað er sjúklingum eða þar sem meðferð á þeim fer fram og gæta skal að því að kynningarefni liggi ekki frami á þeim stöðum eða á almennum svæðum spítalans. Ívilnanir og gjafir til starfsmanna eru almennt bannaðar. Þá skal afla samþykkis yfirmanns viðkomandi sviðs eða deildar áður en slík kynning fer fram og tilkynna allar kynningar til innkaupasviðs.

6.2.3. Reglur um lyfjakynningar á Landspítala

Reglur þessar voru settar á árinu 2016. Byggja þær annarsvegar á reglugerð um lyfjaauglýsingar, nú nr. 980/2016 og hins vegar á samningi Læknafélags Íslands, Frumtaka og samtaka vinnuveitenda þar sem reglur EFPIA um samskipti lyfjaframleiðenda við heilbrigðisstéttir við kynningu á lyfseðilskyldum lyfjum eru innleiddar.

Til viðbótar þessum reglum má benda á reglur Landspítala um ferli innkaupa og reglur um samningastjórnun.

7. Misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Eitt helsta einkenni á markaðsráðandi fyrirtækjum er að þau eru óháð öðrum samkeppnisaðilum á sama markaði og geta því hagað sér án tillits til annarra samkeppnisaðila. Þau eru ekki háð sömu markaðshömlum og aðrir og geta þessvegna stjórnað vöruverðum í þeim tilgangi að ná einokunarstöðu. Vegna þessa er nauðsynlegt að setja markaðsráðandi fyrirtækjum ákveðnar leikreglur til að koma í veg fyrir að þau misnoti stöðu sína. Það er þannig ekkert í lögum sem bannar fyrirtæki að hafa markaðsráðandi stöðu, misnotkun slíkrar stöðu er hins vegar bönnuð.

Margir og misjafnir þættir geta ráðið því hvort fyrirtæki telst hafa markaðsráðandi stöðu og er ekki hægt að gefa eina algilda reglu þar um. Markaðsstaða fyrirtækis getur veitt þar vísbendingu. Ef t.d. seljendur eru vegna markaðsstærðar kaupanda, eða á grundvelli lagaákvæða, neyddir til að selja einum kaupanda en kaupandi getur án takmarkana valið úr seljendum er um markaðsráðandi stöðu að ræða. Þá getur markaðshlutdeild viðkomandi, hvort heldur hann er kaupandi eða seljandi, ráðið tölurverðu um það mat.

Þegar litið er t.d. til lyfja og lækningavara og jafnvel fleiri vörutegunda, er alveg ljóst að Landspítali er markaðsráðandi enda er hann stærsti og oft á tíðum eini kaupandinn að þessum vörum eða þjónustu. Markaðshlutdeild í kringum 50% af tiltekinni vöru á ákveðnum landfræðilegum markaði er oft á tíðum örugg vísbending um yfirburðastöðu á þeim markaði. Markaðshlutdeild undir 30% myndi hins vegar yfirleitt ekki teljast vera markaðsráðandi. Þá getur stærð samkeppnisaðila, markaðshindranir s.s. leyfi eða kaupgeta einnig skipt máli við slíkt mat.

Að vera stór á markaði og jafnvel að teljast vera markaðsleiðandi þarf hins vegar ekki að fela í sér að viðkomandi hafi markaðsráðandi stöðu.

Samkvæmt samkeppnisreglum getur tiltekin hegðun verið álitin misnotkun á markaðsráðandi stöðu ef hún verður ekki réttlætt á grundvelli hlutlægra skilyrða. Neðangreind atriði eða atvik geta bent til þess að um misnotkun á markaðsstöðu sé að ræða og nauðsynlegt að vekja athygli næsta yfirmanns eða "Regluvarðar" á þeim, verði starfsmenn varir við slíkt;

- ósanngjörn eða skaðleg verðlagning (t.d. undirverðlagning til að bola frá samkeppni)
- óhófleg yfirverðlagning, t.d. til þess að útiloka birgja
- mismunun á verðlagningu milli viðskiptavina eða birgja
- mismunun á viðskiptaskilmálum fyrir sömu vöru eða þjónustu
- neitun um viðskipti
- óeðlilega langir viðskiptasamningar
- tryggðar afsláttur eða endurgreiðslur
- að gera sölu einnar vöru skilyrta við kaup á annarri vöru

8. Tilkynningar um brot.

Verði starfsmaður Landspítala var við, eða hafi hann grun um að samkeppnishamlandi hegðum eigi sér stað innan spítalans, eða hjá viðsemjendum spítalans, ber honum að gera næsta yfirmanni aðvart, en ef það er ekki hægt, þá að gera deildarstjóra eða framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs grein fyrir áhyggjum sínum. Ef allt um þrýtur getur hann snúið sér til lögfræðisviðs eða "Regluvarðar". Nafni þess sem kemur með ábendingu skal leynt, fari hann fram á slíkt.

9. Agaviðurlög - refsingar.

Áhrif samkeppnisbrota geta verið af ýmsu tagi og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir viðkomandi starfsmann og fyrirtæki. Fyrir utan þann hnekki sem orðspor viðkomandi fyrirtækja bíða, þá eru allir samningar sem brjóta gegn samkeppnislögum ógildir. Viðurlög við samkeppnislagabrotum eru þung og þó **fangelsisrefsing** geti legið við sumum brotum eru viðurlögin oftast í formi **sekta** sem samkeppnisyfirvöld leggja á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja. Geta sektir þessar numið allt að 10% af heildarveltu fyrirtækis eða samtaka sem gerst hafa brotleg. Einnig geta einstaklingar, þ.e. starfsmenn eða stjórnendur þeirra fyrirtækja sem verða uppvísir að þátttöku í brotum á samkeppnislögum sætt refsingu, **bæði sektum og fangelsi**. Þá geta allir þeir sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni af völdum brota á samkeppnisreglum höfðað **skaðabótamál** á hendur hinum brotlegu, bæði einstaklingum og fyrirtækjum.

Landspítali lítur öll brot gegn samkeppnisákvæðum mjög alvarlegum augum. Jafnframt álitur hann slíkt brot alvarlegt brot á starfsskyldum starfsmanna og mun grípa til viðeigandi agaviðurlaga. Í slíkum viðurlögum getur m.a. falist tafarlaus brottvikning úr starfi. Þá kann viðkomandi starfsmaður að verða krafinn um bætur vegna þess skaða sem viðkomandi hegðun hans hefur haft í för með sér. Eigi samningsbundinn þriðji aðili sem starfar fyrir eða í umboði spítalans hluta að máli mun spítalinn beita samningsbundnum refsíákvæðum þar sem þau eiga við svo og riftun samnings. Þá mega þeir viðsemjendur Landspítala sem verða uppvísir að því að brjóta gegn samkeppnisreglum eða gegn samkeppnisréttaráætlun þessari eiga von á því að þeir verði útilokaðir frá þátttöku í útboðum, eða öðrum innkaupaferlum á vegum Landspítala.

10. Gildistími.

Reglur þessar voru kynntar í framkvæmdastjórn Landspítala og samþykktar af forstjóra þann og taka gildi frá og með þeim tíma.